

Lagt hefur verið fram yfirlit um skuldir beiðanda, þ. e. í veðbókarvottorði, og gerð grein fyrir eignum hans. Þá hefur og verið sýnt fram á, þ. e. með uppboðsauglýsingu, að beiðandi eigi í verulegum fjárhagserfiðleikum þessa stundina og vilja beiðanda til að koma nýrri skipan á fjármál sín, og hefur hann í því sambandi fengið Benedikt Ólafsson héraðsdómslögmann til að aðstoða sig við það.

Gert hefur verið líklegt, að með sölu fasteignarinnar Króksstaða í Öngulstaðahreppi á frjálsum markaði megi ráða við fjárhag beiðanda og fullnægja kröfuhöfum.

Samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af árstíma þykja vera fyrir hendi skilyrði til að verða megi við beiðni um greiðslustöðvun, sem gilda má í allt að 3 mánuðum frá dagsetningu beiðni, þ. e. 10. desember 1982.

Ályktarorð:

Herbert Ólasyni, nafnr. 4009-0487, er heimil greiðslustöðvun í allt að 3 mánuðum frá 10. desember 1982 að telja, sbr. II. kafla laga nr. 6/1978.

Þriðjudaginn 18. janúar 1983.

Nr. 116/1979. **Hildigunnur Gunnarsdóttir**

(Skúli Pálsson hrl.)

gegn

borgarstjóranum í Reykjavík

f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur

(Jón Tómasson hrl.).

Skaðabótamál. Sjúkrahús. Ábyrgð vegna læknismeðferðar. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlensdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 15. desember 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Það mál féll niður vegna útivistar áfrýjanda 1. júní 1979, en áfrýjandi áfrýjaði héraðsdóminum að

nýju 14. júní 1979 með heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 43.850.00 krónur (nýkr.) með 7% ársvöxtum frá 27. febrúar 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1976, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. apríl 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 65/1979 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann óg málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi, sem hafði gjafsókn í héraði, fækk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis hinn 19. júlí 1979. Til vara krefst áfrýjandi annarrar lægri fjárhæðar úr hendi stefnda ásamt vöxtum svo og málskostnaði eftir því sem greint var um aðalkröfu.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi áfryjanda fyrir Hæstarétti.

Í áfrýjunarstefnu krafðist áfrýjandi þess, að teknað yrðu til greina kröfur þær, er hann gerði í héraði. Hækkun kröfugerðarinnar frá því, sem í áfrýjunarstefnu greindi, fullnægir ekki skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð ný áætlun Guðjóns Hansen tryggingafræðings um tjón áfryjanda vegna örorku, dags. 10. janúar 1983.

Áfrýjandi hefur lýst yfir því fyrir Hæstarétti, að hann telji ekki efni til að óska eftir, að leitað verði umsagnar Læknaráðs í máli þessu.

Í umsögn sinni, sem greind er í héraðsdómi, gekk Páll Gíslason yfirlæknir út frá því eftir upplýsingum, er hann hafði fengið, að áfrýjandi hefði leitað til læknis vegna verkja í vinstri handlegg 25. febrúar 1972, en til slysadeildar Borgarspítalans 27. febrúar s. á. Hið rétta var, að áfrýjandi leitaði til slysadeildarinnar laust eftir miðnætti aðfaranótt 23. febrúar, en til Bjarna Konráðssonar læknis síðdegis sama dag. Þar sem umsögn yfirlæknisins er þannig gefin á röngum forsendum um staðreyndir málsins, getur hún engum úr-

slitum ráðið í málinu. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður fallist á þá niðurstöðu hans, að ósönnuð séu þau mistök við greiningu og meðferð sjúkdóms áfrýjanda á slysadeild Borgarspítalans, er leitt geti til skaðabótaábyrgðar fyrir stefnda. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað fyrir Hæstarétti falla niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans fyrir Hæstarétti, 6.000.00 krónur.

D ó m s o r ð

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Laun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Skúla Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. mars 1978.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 23. febrúar 1978, hefur Hildigunnur Gunnarsdóttir, Suðurlandsbraut 113, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 10. maí 1976, á hendur borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða henni kr. 1.704.265 með 7% ársvöxtum af kr. 1.754.265 frá 23. febrúar 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum af sömu upphæð frá þeim degi til 3. janúar 1975, 13% ársvöxtum af stefnufjárhæðinni, kr. 1.704.265, frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt aukatekjulögum og gjaldskrá LMFÍ, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

Stefnanda var veitt gjafsókn í máli þessu með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, útgefnu 14. apríl 1976. Hörður Einarsson hæstaréttarlögmaður var skipaður talsmaður gjafsóknarhafa.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmd til að greiða málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Reynt hefur verið að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Helstu málavextir eru þessir:

Í stefnu er því haldið fram, að stefnandi hafi leitað til slysadeildar Borgarspítalans hinn 27. febrúar 1972 vegna mikillar vanlíðunar í fjórum fingrum vinstri handar. Hið rétta er hins vegar, að stefnandi kom á slysadeild Borgarspítalans kl. 0050 aðfaranótt 23. febrúar 1972, sbr. dskj. nr. 4. Við munnlegan flutning málsins leiðrétti lögmaður stefnanda þessa missögn.

Í stefnu segir, að stefnandi hafi haft mikla vanlíðan í fjórum fingrum vinstri handar. Í sjúkraskrá er hins vegar aðeins talað um löngutöng í því sambandi. Enn fremur segir í stefnu, að lækni sá, sem skoðað hafi stefnanda, hafi talið vanlíðan hennar stafa af því, að hún hefði fengið flís eða flisar í fingurna og ígerð af þeim sökum. Hafi verið skorið í góma löngutangar og baugfingurs í leit að flís, en áður hafi fjórir fingur verið deyfðir með frystingu. Hafi hjúkrunarkona séð um deyfinguna, en stefnandi kveður lækinn hafa á talið hjúkrunarkonuna fyrir að frysta svo marga fingur. Þegar skorið hafi verið í fingurna, hafi aðeins komið út blóð. Hafi því ekkert frekar verið aðgert, en aðeins búið um höndina og stefnandi send heim.

Í sjúkraskrá Borgarspítalans varðandi stefnanda segir svo:

„Hefur felon, að því er virðist, á vi. löngutöng. Stungið á, kemur einungis blóð. Rp. terramycin. Re. 25/2 f. h.“

Eins og sjá má af þessari sjúkraskrá slysadeildarinnar, hafði stefnandi verið sagt að koma aftur á deildina þann 25. febrúar fyrir hádegi. Stefnandi kom hins vegar hvorki á boðuðum tíma á slysadeildina né síðar.

Stefnandi heldur því fram, að fjórir fingur vinstri handarinnar hafi verið frystir. Í sjúkraskrá er ekki minnst á neina deyfingu. Í greinargerð af hálfu stefnda er því þó haldið fram, að ekki sé með öllu útilokað, að deyfing hafi átt sér stað, en svokölluð frysting fari þannig fram, að chlorethyl sé sprautað á svæði það, sem deyfa á, gegnum örfinan stút á þar til gerðu glasi. Að sögn yfirlæknis slysadeildar Borgarspítalans sé útilokað, að unnt sé með þessum hætti að deyfa fjóra fingur í senn, enda sé um afar ófullkomna og staðbundna deyfingu að ræða, sem aðeins endist í nokkrar sekúndur og þá á örlitlu svæði. Til þess að frysting endist, þurfi stöðuga og mikla úðun á sama stað. Um slíkt geti því ekki verið að ræða hér, enda aðeins framkvæmd ein smávægileg ástunga. Við þá stungu hafi vætlað út blóð, en ekkert komi fram, sem gefið hafi starfsmönnum slysadeildar tilefni til frekari aðgerða að svo stöddu, enda hafi stefnanda verið upp á lagt að koma að tveim dögum liðnum til endurathugunar.

Eftir þessa aðgerð kveðst stefnandi hafa verið viðþolslaus af sársauka

í hendinni. Síðari hluta dagsins 23. febrúar 1972 leitar hún til Bjarna Konráðssonar lækni, sérfræðings í lækningarannsóknunum og kennara við Háskóla Íslands í líffærafræði.

Bjarni Konráðsson hefur komið fyrir dóminn og borið, að það hafi verið síðari hluta dags. 23. febrúar 1972, sem stefnandi hafi hringt til sín á lækningastofuna, um það leyti sem Bjarni var að loka, og spurt sig að því, hvort hún mætti koma, því að hún hefði ónot og dofa í vinstri hendinni. Bjarni kvað stefnanda heimilt að koma til sín á lækningastofuna, og gerði hún það. Bjarni kveður stefnanda þá hafa verið með kalda fingur á vinstri hendi og haft dofatilfinningu í þessu og á húðinni hafi verið dálítið bláleitur blær. Bjarni kvað sér hafa dottið tvennt í hug í þessu sambandi: Í fyrsta lagi hefði verið kalt þennan dag og það gæti hafa verið meðverkandi orsök, og í öðru lagi sagði Bjarni, að sér hefði verið kunnugt um það, að þessi kona reykti ákaflega mikið. Kvaðst Bjarni því hafa ímyndað sér helst, að þarna væri um að ræða krampa í æðum. Bjarni gaf stefnanda því lyf, sem hann taldi henta undir þessum kringumstæðum, það er Ilidar. Jafnframt kvaðst Bjarni hafa sagt stefnanda, að ef hún fegni óþægindi eða verki í höndina, þá skyldi hún umsvífalaust leita sér lækninga. Bjarni kvaðst hafa ráðlagt stefnanda að taka eina töflu af lyfi þessu þrisvar sinnum á dag og ef til vill auka skammtinn. Enn fremur kvaðst hann hafa bannað henni að reykja eða sagt, að hún skyldi varast að reykja og varast, að sér yrði kalt. Ráðlagði Bjarni stefnanda að ganga með vettlinga eða eitt-hvað til hlífðar. Bjarni Konráðsson kvað sér eiginlega ekki hafa dottið í hug á þessu stigi málsins, að hér væri um blóðtappa að ræða, svo sem síðar kom á daginn, þar sem stefnandi hafi ekki verið það gömul manneskja og auk þess sé sjúkdómur þessi fágætari hjá konum en körlum og enn eitt, að staðsetning sjúkdómsins hafi verið mjög óvenjuleg, þar sem hann sé miklu algengari í neðri útlimum.

Haukur Sigurbjörn Magnússon læknir hefur komið fyrir dóminn og borið, að hann hafi vitjað stefnanda á heimili hennar, er hann hafi verið á neyðarvakt hinn 28. febrúar 1972. Þetta hafi verið í fyrsta skipti, sem hann hafi séð stefnanda, en síðar varð Haukur heimilislæknir hennar. Haukur kvað ástand stefnanda, eftir því sem hann myndi best, hafa verið þannig, er hann vitjaði hennar, að hún hafi setið uppi í rúmi sínu og verið greinilega töluvert þjáð og kvartað undan verki í handleggnum. Haukur kvaðst hafa skoðað handlegginn, horft á hann og þreifað á honum, framkvæmt það, sem kallist „einföld klínísk skoðun.“ Haukur kvað niðurstöðuna af sjúkdómsgreiningu sinni hafa verið þá, að hér væri um alvarlegar blóðrásartruflanir í vinstri hendi og handlegg sjúklingsins að ræða. Kvaðst Haukur þegar hafa haft samband við lyflækningadeild Landspítalans simleiðis og þá slegið því fram í síma sem sjúkdómsgreiningu, að hér gæti verið um „ergot-

ismus" að ræða. Sjúkdómur þessi sé sjaldgæfur og lýsi sér í miklum æðar-krömpum í útlimaslagæðum. Haukur kvaðst muna eftir því, að í fyrsta lagi hefði verið munur á púlssi vinstra og hægra megin. Púlsinn hafi greinilega verið daufari vinstra megin. Fingurnir hafi verið vaxbleikir, líkfölir eða partur af þeim, eftir því sem hann mundi best, og minnti lækinn, að einn eða tveir fingur væru töluvert bláir. Annars hafi höndin verið mjög föl.

Haukur S. Magnússon kvaðst minnst þess, að þegar hann hafi vitjað stefnanda í umrætt sinn, hafi hún þjáðst töluvert af höfuðverki og hafi hún sagst hafa tekið töluvert af töflum, er heita cafergot, sem notaðar séu við sérstökum höfuðverki, svokölluðu migreni. Enn fremur kvaðst Haukur muna eftir því, að stefnandi hafi haft æðaútvíkkandi töflur, sem hún hafi fengið hjá Bjarna Konráðssyni lækni.

Eins og áður getur, sá Haukur S. Magnússon læknir um það að koma stefnanda inn á lyflækningadeild Landspítalans til meðferðar. Aðspurður kvaðst Haukur ekki muna það svo gerla, hvort hann hafi gefið stefnanda verkjastillandi sprautu, áður en hún var flutt á lyflækningadeildina, en hins vegar kvaðst hann muna, að hún hafi verið greinilega sárþjáð.

Svo sem fyrr er að vikið, var stefnanda lögð inn á lyflækningadeild Landspítalans hinn 28. febrúar 1972. Daginn eftir var hún svo lögð inn á handlækningadeild Landspítalans. Æðamynd var tekin af slagæðum handlegg-
ins og sýndi, að blóðsegi (thrombosa) var í arteria subclavia. Sjúkdómsgreiningin var sú, að frá þessum flóðsega stöfuðu smáblóðtappar (embolur), sem losna við og við og skutust fram í æðar fingranna. Hinn 1. mars var gerð aðgerð á þessu og æðin hreinsuð, en gangur sjúkdómsins var sá, að drep var komið í fingurgóma fjögurra fingra, þ. e. frá visifingri til litlafingurs vinstri handar. Líðan stefnanda batnaði mjög eftir aðgerðina, en drep það, sem komið var í finger vinstri handar, varð ekki stöðvað. Var þess síðan beðið, að það afmarkaðist á þessum fjórum fingrum.

Tæpum mánuði síðar, eða hinn 26. mars 1972, er síðan gerð aflimun á hlutum af þessum fjórum fingrum vinstri handar, þannig að tekinn var mestur hluti af ysta fingurköggli af visifingri, ysta köggli og miðhluta af löngutöng, ysta köggli af baugfingri og litlafingri.

Stefnandi hefur komið fyrir dóminn og borið, að hún telji, að hún hafi verið búin að kenna þrauta í vinstri hendinni í allt að 10 dögum, áður en hún leitaði til slysadeildar Borgarspítalans, sem hún taldi fyrir réttinum, að kynni að hafa verið 23. febrúar 1972. Hafi það verið seint um kvöld. Hún kvaðst hafa kennt þrautanna í handleggnum og fingurgómunum. Hún kvaðst hafa leitað til Bjarna Konráðssonar læknis nokkrum dögum áður en hún fór á slysavarðstofuna. Sagðist hún geta trúað, að það hefði verið svona fjórum dögum áður. Kvað hún Bjarna Konráðsson hafa sagt, að

hér mundi vera um æðaprengsli að ræða, og hafi hann skaffað henni lyf við þessu. Einnig kveður stefnandi Bergþór Smára lækni hafa komið til sín. Samkvæmt vottorði Bergþórs Smára læknis, sem dagsett er 2. júní 1977, sbr. dskj. nr. 21, mun vitjun þessi hafa átt sér stað 15. febrúar 1972, er lækniinn gegndi neyðarvakt.

Þegar stefnandi kom á slysavardstofu Borgarspítalans nóttina 23. febrúar 1972, telur hún sig hafa þurft að biða í allt að þrem stundarfjórðungum, áður en henni hafi verið vísað til læknis. Hafi sá lækni spurt sig að því, hvað væri að henni. Stefnandi kvaðst ekki hafa getað sagt nákvæmlega, hvað væri að sér, en sér liði illa í fingrum vinsri handar og sig langaði til þess að tekin yrði mynd. Stefnandi kveður lækniinn hafa litið á höndina á henni og sagt, að þetta mundi vera flís. Stefnandi kvaðst hafa andmælt þessari skoðun læknisins, en farið með honum inn á lækningastofuna. Þar hafi lækniinn sagt við hjúkrunarkonu að deyfa á stefnanda fingurna. Hafi hjúkrunarkonan síðan komið með brúsa og hellt yfir fjóra fingur þrisvar sinnum, e. t. v. fjórum sinnum. Hafi lækniinn þá snúið sér við og sagt við hjúkrunarkonuna, „hvað ertu að gera manneskja?“.

Þegar dómarinn spurði stefnanda nánar út í það, hvernig hjúkrunarkonan hefði framkvæmt deyfinguna, þá svaraði stefnandi, að hjúkrunarkonan hefði úað yfir fjóra fingur a. m. k. þrisvar sinnum, kannski fjórum sinnum, þá hafi lækniinn sagt þetta, „hvað ertu að gera manneskja?“.

Eftir það hafi lækniinn leitað að hinni meintu flís og skorið í löngutöng og vísfingur, en enga flísina fundið. Eftir það kvaðst stefnandi hafa farið heim til sín. Stefnandi var sérlega innt eftir því í yfirheyrslunni, hvort henni hefði verið sagt að koma aftur á slysavardstofuna hinn 25. febrúar 1972, svo sem bókað er í sjúkraskrá. Kvað stefnandi öruggt, að það hafi ekki verið gert.

Eftir að aðgerðin fór fram á sjúkradeild Borgarspítalans hinn 23. febrúar 1972, kveðst stefnandi hafa verið algerlega friðlaus. Leitað hafi verið til lækna á hverju kvöldi vegna þessa. Minntist hún þess, að Bergþór Smári lækni, Haukur S. Magnússon og enn einn lækni, sem vinni í Tryggingunum, og minnti stefnanda, að hann hétí Jon, hafi allir komið heim til sín. Þeir hafi allir álitíð, að hér væri um æðaprengsli að ræða, og Haukur S. Magnússon hafi látið leggja hana inn á lyflækningadeild Landspítalans, svo sem fyrr er að vikið. Stefnandi segir, að fingur vinstri handar hennar hafi verið farnir að blána, áður en hún var lögð inn á lyflækningadeild Landspítalans 28. febrúar 1972, en það hafi þó ekkert verið að ráði fyrr en þann dag. Þegar dómarinn spurði stefnanda nánar að því, hvort fingurnir hefðu verið farnir að blána fyrr en 28. febrúar 1972, svaraði hún: „Jú, þegar ég fór upp á læknavardstofu, þá voru fingurnir farnir að blána, vegna þess fór ég, vegna þess að mér var illa við það.“

Síðan spurði dómarrinn stefnanda að því, hvort fingurnir hafi þá verið bláir allan tímaninn, sem liður frá því, að aðgerðin var framkvæmd, og þangað til hún var lögð inn á lyflækningadeild Landspítalans. Því svaraði stefnandi þannig: „Já, allir helbláir eftir það.”

Það kemur fram í gögnum málsins, sbr. dskj. nr. 7, að í ágústmánuði 1972 fær stefnandi svipuð einkenni í hægri hönd og þau, er hún hafði haft í vinstri hendi í febrúar fyrr á árinu. Þann 21. ágúst 1972 var hún lögð inn á Landakot, þar sem hún beið aðgerðar í u. þ. b. þrjár vikur, eftir því sem hún hefur borið hér fyrir dómnum. Þá hafi finger hægri handar verið orðnir alveg bláir. Síðan var gerð aðgerð á þessu, og náði stefnandi sér í hendinni eftir það.

Læknir sá, er var á vakt á slysadeild Borgarspítalans, þegar stefnandi kom þangað aðfaranótt 23. febrúar 1972, heitir Hallgrímur Benediktsson. Hann var þá aðstoðarlæknir og framkvæmdi framangreinda aðgerð á stefnanda. Hann hefur hins vegar verið erlendis, og hefur eigi tekist að fá hann fyrir dóminn til skýrslugjafa. Hins vegar hefur hjúkrunkona sú, sem var á vakt, þegar þetta gerðist, Sveinbjörg Hermannsdóttir, komið fyrir dóminn. Hún mundi ekki eftir atburði þessum og minntist ekki neins í sambandi við þetta.

Ólafur Jónsson læknir hefur hinn 11. júní 1975 metið örorku stefnanda af völdum framangreindra atvika. Í niðurstöðu örorkumats hans segir svo:

„*Alyktun:* 47 ára gömul kona, er varð fyrir því óhappi fyrir rúmum 3 árum að fá blóðrásartruflun í aðalslagæð við handlims, þannig að af hlaust vefjadauði í fremstu kjúkum fjögurra fingra við handar með þeim afleiðingum, að aflima varð ysta köggul á vísifingri, ysta köggul á löngutöng, ysta og hluta af miðköggli á baugfingri og ysta og hluta af miðköggli á litlafingri. Með aðgerð tókst að bæta blóðrás handlimsins, þannig að nú er blóðrás í honum eðlil., og eftir aðgerð hefur gróið vel fyrir alla fingurstúfana, en nokkur tilfinningatruflun er fremst í þeim. Ljóst er, að hér er um varanlegt ástand að ræða, sem ekki verður bætt með frekari aðgerðum eða meðferð, og því tímabært að meta örorku, er af sjúkdómi þessum hlaust, og telst hún samkv. töflum þeim, er um örorku gilda á Norður-löndum, hæfilega metin:

12% varanleg.”

Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur hinn 11. júlí 1975 og síðar hinn 17. febrúar 1978 reiknað út örorkutjón stefnanda. Í útreikningum hans kemur fram, að stefnandi er fædd 21. apríl 1928 og hefur því verið 43 ára gömul, er hún varð fyrir ofangreindu örorkutjóni. Stefnandi er húsmóðir á sex manna heimili, þar sem auk hennar og eiginmanns hennar eru fjögur börn, fædd 1953, 1957, 1962 og 1967. Stefnandi vinnur ekki utan heimilisins. Í útreikningum sínum byggir tryggingafræðingurinn á því, að

starf húsmóður, sem ekki vinni utan heimilis, meti hann eftir fjölskyldu-stærð, og gerir ráð fyrir, að starf á heimili hjóna með tvö börn samsvari fullu starfi iðnverkakonu án yfirvinnu, og bætir síðan við 10% fyrir hvern heimilismann umfram fjóra. Miðað við þennan grundvöll og tap tekna í samræmi við framangreint örorkumat reiknast tryggingafræðingnum verðmæti tapaðra tekna stefnanda nema þann 23. febrúar 1972 kr. 1.454.265.

Í útreikningi þessum hefur tryggingafræðingurinn reiknað með 7% ársvöxtum frá 23. febrúar 1972 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum eftir þann tíma. Ef hins vegar er reiknað með 7% ársvöxtum til 16. maí 1973, eftir það með 9% ársvöxtum til 15. júlí 1974 og síðan með 13% ársvöxtum til frambúðar, reiknast tryggingafræðingnum verðmæti tapaðra tekna nema kr. 1.101.472.

Í kröfugerð sinni miðar stefnandi við hærri útreikning Guðjóns Hansen tryggingafræðings og sundurliðar stefnukröfu sína þannig:

Örorkutjón samkvæmt útreikningi

Guðjóns Hansen 17. febrúar 1978	kr. 1.454.265
Miskabætur	— 300.000

Kr. 1.754.265

Frá fyrri fjárhæð dregur stefnandi greiðslu

frá borgarsjóði Reykjavíkur hinn 3. janúar 1975	kr. 50.000
---	------------

Eftir standa þá Kr. 1.704.265
sem er höfuðstóll dómkröfu stefnanda í máli þessu.

Stefnandi telur, að borgarsjóður Reykjavíkur beri fébótaábyrgð á tjóni stefnanda. Byggir stefnandi fébótaábyrgð borgarsjóðs á því, að stefnandi hafi á slysadeild Borgarspítalans, sem rekinn sé af Reykjavíkurborg, fengið ranga lækni meðferð vegna rangrar sjúkdómsgreiningar. Hin ranga lækni meðferð á Borgarspítalanum hafi valdið því, að taká hafi þurft framan af fingrum vinstri handar stefnanda. Sjúkdómsgreining læknis þess, er tekið hafi á móti stefnanda á slysadeild Borgarspítalans í umrætt sinn, hafi verið mjög yfirborðskennd. Engin rannsókn hafi farið fram og ekki hafi heldur verið tekin röntgenmynd af stefnanda. Læknirinn hafi gefið sér það fyrirfram, að stefnandi væri með flís í fingri eða fingrum vinstri handar eða ígerð í fingrum. Þegar skorið hafi verið í fingur stefnanda, hafi þó hvorki fundist flís né ígerð, heldur hafi ollið út blóð. Sú niðurstaða hafi gefið tilefni til frekari rannsóknar. Sú rannsókn hafi ekki farið fram og ekki hafi stefnandi heldur verið send til sérfræðings. Stefnanda hafi hins vegar verið gefinn lyfseðill fyrir terramycini og látin fara af slysadeildinni.

Hér hafi því verið um mjög yfirborðskennda sjúkdómsgreiningu að ræða og lækni sá, er hana framkvæmdi, hafi ekki sýnt eðlilega starfshæfni við hana.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi kennt þrauta í vinstri hendi um það bil 10 dögum áður en hún leitar til lyflækningadeildar Landspítalans 28. febrúar 1972. Þegar stefnandi komi á slysadeild Borgarspítalans aðfararnótt 23. febrúar 1972, sé hvorki blámi né ytri ummerki sýnileg á fingri eða fingrum hennar. Henni hafi verið gert að koma aftur tveim dögum síðar, þ. e. 25. febrúar fyrir hádeggi, en eigi sinnt því. Á þeim tíma fyrir eða eftir (eða hvort tveggja) komu hennar á slysadeild hafi stefnandi leitað til einhverra lækna og fengið hjá þeim lyf. Það verði að teljast óeðlilegt, að stefnandi lætur hjá liða að koma fyrr en að mörgum dögum liðnum, frá því hún kenni þrautanna í hendinni og þar til hún leitar til slysadeildar Borgarspítalans, og þá hafi hún valið tímann 0050 til þess að leita sér lækninga. Stefnandi leiti til Landspítalans 28. febrúar 1972, en sjúkdómsgreining liggi ekki fyrir, fyrr en aðgerð fari fram, þ. e. tveimur sólarhringum eftir innlagningu. Þetta sýni það ef til vill fyrst og fremst, að sjúkdómsgreining hafi ekki verið augljós, jafnvel þótt í hlut ættu sérfræðingar við bestu aðstæður á sjúkrahúsi.

Slysadeild Borgarspítalans sé hins vegar þjónustudeild í nefndu sjúkrahúsi, sem ætlað sé að sinna neyðartilvikum vegna slysa eða annarra brýnna tilvika. Slysadeildin hafi einnig með höndum fyrstu aðstoð, en aðstæður geri það að verkum, að ekki sé um að ræða innlagningardeild eða sérfræðingabjónusta sambærilega við hinar ýmsu deildir sjúkrahúsa (hjartadeild o. s. frv.). Það gefi því auga leið, að meðferð sú, sem stefnandi hafi fengið á slysadeild Borgarspítalans, feli á engan hátt í sér mistök starfsmanna stefnda né heldur að þeir hafi brugðist öðru vísi við en af þeim mátti búast. Af gögnum málsins telur stefndi, að séð verið, að hann beri enga ábyrgð á því, hvernig komið sé nú fyrir stefnanda. Ef við einhvern sé að sakast, þá sé það ef til vill við einn eða fleiri ónafngreinda lækna, sem fjallað hafi um stefnanda. Þó hljóti henni fyrst og fremst sjálfri að vera um að kenna, hve illa hafi til tekist.

Röksemdir dómsins.

Þegar stefnandi kom á slysadeild Borgarspítalans aðfararnótt hins 23. febrúar 1972, verður ekki talið sannað, að hún hafi haft afgerandi einkenni í vinstri hendi, er bentu til þess, hvaða sjúkdómur raunverulega þjáði hana. Röngemynd hefði heldur ekki leitt hið sanna í ljós.

Læknir sá, er skoðaði stefnanda aðfararnótt 23. febrúar 1972 á slysadeild Borgarspítalans, mun hafa álitð, að annað hvort hefði hún flis í fingri eða igerð. Læknismeðferðin, sem hann veitti henni, var, að hann stingur á

löngutöng vinstri handar samkvæmt sjúkraskránni, og vellur þá út blóð. Stefnandi hefur borið, að einnig hafi verið stungið á vísifingri vinstri handar og að hún hafi verið deyfð á fjórum fingrum með frystingu, að minnsta kosti þrisvar sinnum. Þetta kemur hvergi fram í sjúkraskrá stefnanda í slysadeild Borgarspítalans. En jafnvel þó að þetta væri rétt hjá stefnanda þá verður ekki talið, að þessi lækni meðferð hafi haft áhrif á þróun sjúkdóms hennar, enda verður að byggja á því, að fyrir hana hafi verið lagt að mæta aftur á slysadeildinni hinn 25. sama mánaðar fyrir hádegi. Það gerði hún ekki. Hins vegar leitaði stefnandi til Bjarna Konráðssonar læknis siðdegis hinn 23. febrúar 1972. Bjarni Konráðsson hefur borið, að þá hafi hún verið „með kalda fingur á vinstri hendi og hafði dofatilfinningu í þessu, og á húðinni var dálítill bláleitur blær.” Læknirinn telur sjúkdóm stefnanda þá ekki bráðan, en dettur í hug, að þetta geti stafað af tvennu, í fyrsta lagi muni hafa verið kalt í veðri þennan dag og gæti það verið meðvirkandi orsök og í öðru lagi, að þá hafi sér verið kunnugt um það, að stefnandi reykti ákaflega mikið, og ímyndaði hann sér, að þetta væru krampar í æðum. Gaf Bjarni henni lyf og ráðlagði henni að varast reykingar og að ganga með vettlinga, þannig að henni yrði ekki kalt. Það er svo ekki fyrr en 28. febrúar 1972, að stefnandi er lögð inn á lyflækningadeild Landspítalans til athugunar. Þegar stefnandi var lögð inn á handlækningadeild Landspítalans hinn 29. febrúar 1972, segir svo meðal annars í vottorði Árna Björnssonar læknis, dagsettu 1. júní 1972: „Vinstri handleggur er allur nokkuð kaldur, og áberandi er, að á fingrum vinstri handar er blámi distalt, og er þetta á digiti II.-V. Á löngutöng í fingurgóm er smá ör eftir skurð. Fingur eru allir kaldir, en sjúklingur getur hreyft þá alveg eðlilega. Nokkuð góður radialis púls er í vinstri handlegg, og einnig finnast púlsar í arteria brachialis, arteria axillaris og arteria subclavia. Bláminn, sem er distalt á fingrum, nær niður undir distala interphalangealliðinn, og þar tekur við nokkur fölvi á fingrunum. Að öðru leyti er ekkert sérstakt að segja um útlími,“

Í vottorði Páls Gíslasonar, yfirlæknis handlækningadeildar Landspítalans, dags. 16. desember 1974, segir m. a. svo: „Í bréfi aðstoðarborgarlæknis, Braga Ólafssonar, til mín er farið fram á upplýsingar um sjúkdómsástand og meðferð á Landspítalanum, ennfremur hvort ætla meg, að meðferð sú, sem hún fékk á Slysadeild Borgarspítalans, geti á nokkurn hátt verið orsök eða meðverkandi orsök þess, að taka þurfti framan af fingrum konunnar. Um þetta er að vísu mjög erfitt að segja, þar sem ástand fingranna hefur verið komið á svo slæmt stig, þegar að því var komið, að hún kom þar í skoðun. Það virðist vera, að hún hafi fengið meðferð undir

skakkri sjúkdómsgreiningu, og er því ekki hægt að útiloka, að það hafi á e-n hátt flýtt fyrir því, sem síðar varð. Benda má á, að þessari meðferð var ekki beitt nema á einn fingur, sem að vísu varð verst út úr þessu, en ekki á hina, sem sj. missti líka framan af.

Niðurstaða mín er því sú, að afleiðingar þessa sjúkdóms hafi orðið svo alvarlegar, vegna þess hve lengi dróst, að sj. fengi viðeigandi meðferð, og því hver dagur dýrmætur, hvað það snerti. Deyfing og skurður á löngutöng við handar hafi að einhverju leyti orðið til þess, að afleiðingar þar urðu alvarlegri og meiri en annars staðar, og verður því að telja, að þarna hafi verið um meðverkandi orsök að ræða."

Vegna þessa þykir rétt að taka fram, að Páll kemst að þessari niðurstöðu í þeirri trú, að hér sé um að ræða meðferð nokkrum klukkustundum áður en hann sér sjúklinginn. Við alvarlega blóðrásartruflun eða hindrun á blóðrás í slagæðum á útlim hefur tíminn mjög mikla þýðingu. Þannig er talið, að rétt meðferð gæti varnað varanlegum skemmdum eða drepri í limnum, ef aðgerð er gerð innan nokkurra klukkustunda frá því, að blóðrás stöðvast. Sá tími og tímatöf, sem hér um ræðir, er því reiknaður í klukkustundum, en ekki dögum. Vottorð Páls og lýsing á ástandi fingranna er þannig miðað við nokkurra klukkustunda tíma milli meðferðar á slysavarðstofunni og skoðunar hans. Af þessu leiðir einnig, að ef óafturkallanlegar breytingar á fingrum ættu rót sína að rekja til meðferðar á slysavarðstofunni, þá ættu þær breytingar að hafa verið augljósar við skoðun Bjarna Konráðssonar a. m. k. 12 - 14 klukkustundum eftir ofangreinda meðferð og deyfingu á slysavarðstofunni.

Þegar haft er í huga það, sem nú hefur verið rakið, getur dómurinn ekki fallist á það, að sjúkdómsgreining sú og lækni meðferð, er stefnandi hlaut í slysadeild Borgarspítalans aðfaranótt 23. febrúar 1972 hafi í för með sér bótaskyldu fyrir stefnda á örorku þeirri, er stefnandi varð síðar fyrir, enda ber í þessu sambandi að hafa í huga, að fyrir hana var lagt samkvæmt sjúkraskrá hennar að koma til eftirlits hinn 25. sama mánaðar fyrir hádegi. Það gerði hún eigi.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnandans í máli þessu, en eftir atvikum og með heimild í 178. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda ákveðst kr. 345.450 og greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni hennar, Herði Einarssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 302.350 í talsmannslaun.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Ingvari Kjartanssyni og Sigurði E. Þorvaldssyni læknum.

D ó m s o r ð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Hildigunnar Gunnarsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, Hildigunnar Gunnarsdóttur, kr. 345.450, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni hennar, Herði Einarssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 302.500 í talsmannslaun.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. janúar 1983.

Nr. 63/1982. Ákærvaldið

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Jónasi Kristjánssyni

(Skúli Pálsson hrl.).

Ærumeiðingar. Brot gegn 108. gr. alm. hegningarlaga. Birting dóms. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Gaukur Jörundsson og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Málinu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 17. febrúar 1982 að ósk ákærða, en jafnframt var af ákærvaldsins hálfu krafist þyngingar á refsingu ákærða.

Ágrip barst Hæstarétti 14. maí 1982.

Af ákærða hálfu er krafist sýknu, en til vara lægstu refsingar. Verjandi ákærða mótmælti því, að krafa um birtingu dóms skv. ákvæðum 22. gr. laga nr. 57/1956 næði fram að ganga, annars vegar vegna þess, að skilyrði lagagreinarinnar um kröfu þess, sem misgert er við, sé ekki fullnægt, og hins vegar þess, að Dagblaðið sé ekki lengur til og ákærði sé nú starfsmaður allt annars aðilja.